



Aðalstjórn UMF Stjörnnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 02.12.2014 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI) Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina og Páll Grétarsson fjármálastjóri. Viðar Erlingsson, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir og Ragnheiður Traustadóttir boðuðu forföll.

Fundargerð

Formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar

- Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 25. nóvember var lögð fyrir og samþykkt.

2. Búningamál

- Framkvæmdastjóri kynnti tilboð frá birgjum í félagsgalla, keppnisbúninga og ýmsan búnað fyrir félagið í heild sinni.
 - Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir útboðsskjali sem sent var til birgja sem þeir gátu byggt tilboð sín á.
 - Útboðsskjalið tók á þarfalista fyrir allar deildir, þjónustupáttum og formlegum tilboðum frá birgjum.
- Framkvæmdastjóri kynnti samantekt tilboða
 - Tilboð frá Jakó Þótti hagkvæmast og var framkvæmdastjóra falið að kanna samningsgrundvöll og kynna afrakstur þess á félagsráðsfundi þann 18. desember.

3. Áætlanir

- Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri fóru yfir áætlanir allra deilda félagsins.
 - Áætlanir BOGU
 - Fjármálastjóri fór yfir þær hugmyndir að tekjur BOGU verði að hluta til teknar inn haustið 2014 og restin tekjufærð á tímabilinu janúar - ágúst 2015.
 - a. Helsta ástæðan fyrir þessari breytingu er að Barna og unglिंगastarfið verði ekki rekið með tapi eftir áramót en töluverðum hagnaði fyrir áramót þar sem æfingagjöld koma inn að hausti og nota fjármagnið til að reka starfið frá sept til ágúst.
 - Ákveðið að fella niður styrk til Lyftingadeildar v/ yfirþjálfara þar sem deildin hefur ekki gengið frá ráðningu hans eins og til stóð á árinu 2014.
 - Fjármálastjóra var falið að skoða betur áætlun sunddeildar. Ekki þykir ásættanlegt að deildin skili jafn miklu tapi á árinu líkt og gert er ráð fyrir.
 - Fimleikadeildin gerir ráð fyrir því að hækka æfingagjöld um 6% í flestum flokkum og 7-9% í öðrum flokkum á vorönn. Gert er ráð fyrir 5% hækkun á haustönn.
 - a. Þessar aðgerðir eru hluti af því að rétta við rekstur fimleikadeildarinnar.



- i. Vangavelta kom upp hvort fimleikadeildin ætti að bera part af launum verkefnastjóra.
 - ii. Lagt var til að ákvörðun um slíkt verði tekin í lok árs 2015 þegar í ljós kemur hvort áætlanir deildarinnar standist.
 - iii. Bent var einnig á að forsendan fyrir því hjá aðalstjórn að taka yfir laun verkefnastjóra fimleikadeildar er að rekstrarstyrkur Garðabæjar hækki samkvæmt óskum félagsins.
- Áætlun knattspyrnudeildar, fjármálastjóra var falið að fara betur ofan í hana þar sem lögð var áhersla á að ná jafnvægi í rekstri.
 - Rætt var um mögulega nauðsyn þess að hækka æfingagjöld til að mæta þörf á fjármagni í reksturinn.
 - a. Ákvörðun frestað þar til endanlegur samningur við Garðabæ liggur fyrir.
- Áætlanir mfl.
 - Farið var yfir útteilingu úr afreksjóði m.v. 10. mánaða uppgjör og útgönguspá ársins.
 - a. Fjármálastjóra var falið að fara yfir módelið og laga það í takt við reglugerð um afrekssjóðinn.
 - Áætlaðar tekjur frá styrktaraðilum 2015 byggja að mestu á rauntölum á árinu 2014
 - Karfa karla
 - a. Lækkun á afreksstyrk leiðir til hægari endurgreiðslu en gert var ráð fyrir.
 - b. Heilmikill viðsnúningur orðið á deildinni
 - c. 4,8 mio tap árið 2013 í jafnvægi árið 2014
 - Aðalstjórn
 - Lögð var fyrir áætlun aðalstjórnar með þeim verkefnum sem ákveðið hefur verið að fara í.
 - Lögð var áhersla á að laga þyrfti áætlun aðalstjórnar þannig að hún sé í jafnvægi
 - Áætlunin var samþykkt en ákveðið að fara betur ofan í hana þegar endalegur samningur við Garðabæ liggur fyrir.



- Vallarsjóður
 - Ekki er gert ráð fyrir því að greidd verði út reiknuð sjálfboðavinna til mfl. karla og mfl. kvk í knattspyrnu þar sem rekstur vallasjóðs er í járnnum og ekki svigrúm til að greiða út úr honum þar sem rekstrarkostnaður hefur aukist töluvert.
- Félagið
 - Áætlaðar tekjur: 611.114.589
 - Áætlaður kostnaður: 601.116.684
 - Áætlaður hagnaður: 7.117.486

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20:15. Ritað J.Egils